

KJARASAMNINGUR
milli
Rafiðnaðarsambands Íslands
og
Skipta hf., Símans hf. og Mílu ehf.

Samningur þessi er tvíþættur, annars vegar aðfararsamningur sem kveður á um framlengingu gildandi kjarasamnings til 22. júní 2011 og hins vegar kjarasamningur sem gildir frá 22. júní 2011, með þeim fyrivörum sem greinir í samningi þessum.

Aðfarasamningur

Kjarasamningur aðila framlengist óbreyttur til 22. júní 2011. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-máí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlustarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

Kjarasamningur frá 22. júní 2011

1. gr.

Samningur þessi gildir frá 22. júní 2011 til loka janúar 2014. Taki kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 ekki gildi hinn 22. júní 2011 skal sama gilda um þennan samning og falla þá öll ákvæði hans úr gildi. Verði samningar framlengdir af SA eða ASÍ til 31. janúar 2012 skal sama breyting verða á gildistíma samnings þessa. Taka þá launabreytingar 2011 gildi sem og almenn ákvæði og bókanir með samningnum.

2. gr.

Laun og launatafla hækka sem hér segir:

- | | |
|------------|--------|
| 1.6. 2011: | 4,25%. |
| 1.2. 2012: | 3,5%. |
| 1.2. 2013: | 3,25%. |

Með samningi þessum fylgir launatafla rafiðnaðarmanna.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 56.500.

Á árinu 2012 kr. 58.500.

Á árinu 2013 kr. 60.400.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 kr. 26.900.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 28.700.

*SkB. JP
E.O. VJ*

Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

4. gr.

Ýmis ákvæði

„Ný og breytt ákvæði“ úr kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 verði hluti samnings þessa eftir því sem við á (sjúkrakostnaður, frítaka, yfirvinna, frítökuréttur, ferðir).

Við grein 8.1.3. bætist: Eftir 20 ára starf hjá fyrirtækinu er uppsagnarfrestur 5 mánuðir og 6 mánuðir eftir 25 ára starf. Ákvæði gr. 8.1.3. eiga ekki við hafi starfsmaður gerst brotlegur í starfi.

5. gr.

Samningsforsendur

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.

6. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 15. júní.

Reykjavík, 24. maí 2011

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

F.h. Skipta hf., Símans hf.
og Mílu ehf.

Erlölfur Ólafsson
V. Jóhann Þórhilsson
Sigurður Þórðarsson
Kristján Þórðarsson
Björn Þorsteinsson

Jóhann Þórhilsson
Kárun Þ.

Fylgiskjal með kjarasamningi dags. 24. maí 2011

	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Án sveinsprófs	198.474	209.474	220.474
3 ára fagnám	250.474	261.474	272.474
4 ára fagnám	259.286	270.286	281.286
5 ára sveinsbréf	277.091	288.091	299.091
10 ára sveinsbréf	295.978	306.978	317.978

JL

E. Ólafur
V. Þórhallaðs fórb
Sigrun Ólafsdóttir

Reykjavík 24. maí 2011.

Yfirlýsing vegna kaupauka háðan afkomu Skiptasamstæðunnar á Íslandi.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag í formi kaupauka sem tengist árangri í rekstri m.v. áætlun Skipta hf. og dótturfélaga þess á Íslandi. Kaupauki þessi getur mest orðið kr. 50.000, að inniföldu orlofi, til hvers starfsmanns sem er í starfi síðustu vikuna í nóvember 2011. Full greiðsla miðast við fullt starf allt árið 2011 en annars hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Upphæð kaupauka ræðst af þeim árangri sem félagið nær umfram áætlaða EBITDU fyrir fyrstu 10 mánuði ársins 2011 og greiðist út í desember. Hver króna umfram áætlaða EBITDU fyrir tímabilið janúar-október 2011 rennur í pott sem skipt verður á milli starfsmanna þó þannig að starfsmenn fá að hámarki 50.000 kr. Dæmi: áætluð EBITDA er kr. 1.000.000 en niðurstaða er 1.100.000 þús. þá er 100.000 kr. skipt á milli þeirra starfsmanna sem eru í RSÍ hjá félögnum, miðað við starfshlutfall og starfstíma á árinu. Fulltrúar viðsemjenda er heimilt að tilgreina einn aðila frá hvorum hópi til skoða áætlun félagsins og fylgjast með hvernig afkoma þróast. Yfirlýsing þessi gildir um árið 2012 náist ekki að greiða kaupauka árið 2011.

Með þessu er verið að tengja saman árangur félagsins og starfsmanna og hafa þeir í sínum störfum áhrif á að afkoma félagsins verði betri en áætlun segir. Til upplýsinga skal þess getið að EBITDA afkoma fyrir janúar-apríl er yfir EBITDA áætlun. Þó má búast við að fullur EBITDA kaupauki fáist ef tekst að halda EBITDA áætlun það sem eftir er tímabilsins. Þetta eru trúnaðarupplýsingar sem fulltrúar RSÍ geta staðreyst ef gengið er að þessu tilboði.

Forstjórar félagana munu reglulega fara yfir afkomu félaganna til upplýsingar fyrir starfsmenn.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Jóhann Þorlaksson".